Kópavogur

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa
Umsögn skipulagsfulltrúa

Kópavogi, 10. nóvember 2026
26103879/501.04 FS

Umsögn: Fyrirspurn – Fjallalind 20

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 27. október 2026 var lögð fram fyrirspurn lóðarhafa lóðarinnar nr. 20 við Fjallalind um stækkun lóðar til vesturs um allt að 140 m^2. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra.



Mynd 1. Loftmynd af Fjallalind 20 með hluta af aðalskipulagsuppdrætti ofan á.

Lóðin Fjallalind 20 er 578 m^2 að stærð og á henni stendur raðhús 236 m^2 að stærð. Í aðalskipulagi Kópavogs er lóðin á íbúðarsvæði 4 (ÍB-4) í Fífuhvammi. Fyrir lóðina er í gildi deiliskipulag Lindahverfis, sunnan Fífuhvammsvegar (lóðin er á reit nr. 11) samþykkt í bæjarstjórn 21. desember 1993.

Fyrirspurnin

Við sækjum hér með um lóðarstækkun við Fjallalind 20.
Spildan sem við sækjumst eftir er á lóðarmörkum Fjallalindar 20 og ný uppgerðs göngustígs sem liggur á milli Fjallalindar og Lindarvegar. Með fyrirhugaðri stækkun hafa eigendur áform um að nýta spilduna sem er í órækt til gróðurræktunar og almennt fegra umhverfið við stíginn.
Myndir af spildunni eru hér að neðan.
Með von um jákvæð viðbrögð
Hrund Steingrímsdóttir og Jón Ásgeir Gestsson.





Umsögn

Sótt er um að stækka lóð til vesturs, ekki er tilgreint hve stór stækkunin verði en samkvæmt grófum mælingum á kortavef bæjarins er um allt að 140 m^2 lóðarstækkun að ræða.

Fjallalind 20 er í deiliskipulagi á reit 11; raðhús á einni og hálfri til tveimur hæðum. Umrædd lóð er næststærsta lóðin á reitnum og yrði langstærsta lóðin myndi hún stækka til vesturs að göngu- og hjólastíg. Það yrði fordæmisgefandi að heimila lóðarstækkun á opið svæði á bæjarlandi til að ætla fegra það. Eins og sést á mynd 1 fer umrædd lóðarstækkun yfir á opið svæði í Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 en íbúðarlóðir skulu alla jafna vera ekki vera á slíkum landnotkunarsvæðum. Alla jafna er reynt að koma í veg fyrir gangnamyndun með því að hafa andrými milli íbúðarlóða og göngu- og hjólastíga, þeirri stefnu hefur verið fylgt við stíginn vestan við reit 11 og er vilji til að viðhalda slíku fyrirkomulagi. Að vetri til hefur hluti af þessu svæði verið nýtt sem uppsöfnunarsvæði fyrir snjó en myndi færast þá út í götuna sjálfa ef að stækkun yrði sem kynni að hafa áhrif á bílastæðamál í götunni.

Í samræmi við ofangreint er litið neikvætt á innsenda fyrirspurn.



Mynd 2. Möguleg stækkun um allt að 140 m².

F.h. skipulagsfulltrúa

Freyr Snorrason
verkefnastjóri

Rafræn skilríki

Undirritað af: Freyr Snorrason

Tími: 11.11.2026 10:51
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign